Ísland skal taka þátt í skipulögðu upplýsingastarfi um COMETT II, einkum með því að eiga samstarf um stofnun einnar upplýsingastofu fyrir COMETT þar.

Ísland og aðilar frá Íslandi mega njóta góðs af hinum margvíslegu aðgerðum sem nefndar eru að ofan á sama grundvelli og aðildarríki bandalagsins og stofnanir innan þeirra og með sömu skilyrðum.

5. gr.

Fjárframlag Íslands sem nægir til að greiða þátttöku þess í COMETT II áætluninni skal ákveðið í hlutfalli við þá upphæð sem á hverju ári er færð á heildarfjárlög Evrópubandalaganna til fjárveitinga fyrir skuldbindingar varðandi COMETT II áætlunina.

Hlutfallsstuðullinn sem ræður framlagi Íslands skal ákveðinn af hlutfallinu milli vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverðlagi og samanlagðri vergrí landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverðlagi. Þetta hlutfall verður reiknað út á ári hverju á grundvelli nýjustu tiltækra hagtalna hjá OECD.

Fjárhagsákvæði varðandi áætlað fjármagn sem nauðsynlegt er til að framkvæma COMETT II áætlunina innan bandalagsins - fyrir utan framlög EFTA-ríkjanna - er að finna í viðauka II.

Reglur um framlag Íslands til þróunar COMETT II áætlunarinnar er að finna í viðauka III.

6. gr.

Með fyrirvara um þær sérstöku kröfur sem nefndar eru í 4. gr. um þátttöku háskóla og fyrirtækja frá Íslandi, skulu skilmálar og skilyrði um umsóknir og mat á tillögum/verkefnum og skilmálar og skilyrði fyrir úthlutun og gerð samninga samkvæmt COMETT II áætluninni vera hin sömu og þau er gilda um háskóla og fyrirtæki innan bandalagsins. Samningar sem gerðir eru af framkvæmdastjórninni skulu lýsa réttindum og skyldum háskóla og fyrirtækja frá Íslandi og einkum og sér í lagi aðferðum til að koma á framfæri, vernda og hagnýta árangur þjálfunarverkefnanna.

7. gr.

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn.

2. Nefndin skal skila álitum um eftirfarandi atriði:

a) að því leyti sem þau varða þátttöku háskóla og fyrirtækja frá Íslandi: almennar vinnureglur fyrir COMETT II áætlunina; almennar vinnureglur um fjárhagsaðstoð sem veita skal samkvæmt COMETT II áætluninni; atriði sem varða innbyrðis vægi einstakra þátta COMETT II áætlunarinnar, þar á meðal sundurlíðun hinna margvíslegu aðgerða;

b) hinar margvíslegu tegundir verkefna sem lýst er í viðauka I.

3. Að því er varðar þau atriði sem nefnd eru í málsgrein 2a) og b) mun fulltrúi bandalagsins leggja málin fyrir nefndina.

4. Fulltrúi bandalagsins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmi milli framkvæmdar þessa samnings og ákvarðana sem bandalagið tekur um framkvæmd COMETT II.

5. Nefndin skal bera ábyrgð á öllum öðrum málum varðandi umsýslu samningsins og skal tryggja að framkvæmd hans sé eins og til er ætlast. Skal hún leggja fram tillögur í því skyni.

6. Í þeim tilgangi að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og ráðgast innan nefndarinnar, að beiðni annars hvors aðilans.

7. Nefndin skal setja sér sínar eigin starfsreglur.

8. Nefndina skulu skipa fulltrúar frá bandalaginu annars vegar og fulltrúar Íslands hins vegar.

9. Nefndin skal starfa á grundvelli sameiginlegrar niðurstöðu.

10. Nefndin skal halda fundi að beiðni annars hvors samningsaðila í samræmi við þau skilyrði sem kveðið verður á um í starfsreglum hennar.

8. gr.

Allar ákvarðanir um val á hinum ýmsu tegundum verkefna sem lýst er í viðauka I skulu teknar af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

9. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að samsetning sérfræðingahópsins sem er ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina um COMETT II áætlunina sé með þeim hætti að hún geti veitt alla nauðsynlega ráðgjöf að því er varðar þátttöku háskóla og fyrirtækja frá Íslandi.

10. gr.

Samningsaðilar taka að sér að reyna að auðvelda frjálsa flutninga og búsetu námsmanna og starfsfólks sem tekur þátt í starfsemi sem samningurinn nær til á Íslandi og í löndum bandalagsins.

11. gr.

Til að aðstoða framkvæmdastjórnina við árlega skýrslugerð um COMETT II, svo og við áfangamat og lokamat, skal Ísland skila framlagi til framkvæmdastjórnarinnar þar sem lýst er þeim innanlandsaðgerðum sem gerðar hafa verið á Íslandi að þessu leyti. Eintak af ársskýrslum, svo og áfanga- og lokamatsskýrslum, skal sent til Íslands.

12. gr.

Að því er varðar umsóknarferil, samninga, skýrslur sem skilað er og aðra umsýslu vegna COMETT II áætlunarinnar skulu tungumálin sem notuð verða takmörkuð við hin opinberu tungumál bandalagsins.

13. gr.

Samningur þessi skal gilda annars vegar í þeim löndum þar sem stofnsamningur Efnahagsbandalags Evrópu er í gildi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar er kveðið á um og hins vegar á yfirráðasvæði Íslands.

14. gr.

1. Samningur þessi heldur gildi þar til COMETT II áætluninni er lokið.

2. Ef bandalagið endurskoðar COMETT II áætlunina má semja um samninginn að nýju eða segja honum upp. Íslandi skal tilkynnt um inntak hinnar endurskoðuðu áætlunar í einstökum atriðum innan einnar viku frá samþykkt hennar af hálfu bandalagsins. Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum innan þriggja mánaða frá samþykkt ákvörðunar bandalagsins ef endurskoðun eða uppsögn samningsins er fjórsjáanleg. Komi til uppsagnar skulu samningsaðilar semja sín í milli um framkvæmdaratriði varðandi skuldbindingar sem þá eru útistandandi.

3. Hvor samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á endurskoðun samningsins. Skal hann í þessum tilgangi leggja rökstudda beiðni fyrir hinn samningsaðilann. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að athuga þessa beiðni og leggja tillögur fyrir þá, þar sem við á, einkum með það í huga að hefja samningaumleitunir.

15. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum í samræmi við gildandi reglur hjá hvorum aðila. Að því tilskildu að samningsaðilar hafi tilkynnt hvor öðrum að nauðsynlegum formsatriðum í þessu skyni hafi verið framfylgt, skal samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1990.

Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir slíka tilkynningu. Hafi slík tilkynning ekki verið gefin út 31. mars einhvers árs eða fyrr, skulu ákvæði samningsins þó ekki öðlast gildi fyrir en 1. janúar næsta ár á eftir.

16. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn nítjanda dag desembermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands
Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Roland Dumas
Frans Andriessen

VIÐAUKI I

1. COMETT II áætlunin nær til fjölda samstarfsverkefna þjóða í milli sem eiga að efla og örva samstarf milli háskóla og fyrirtækja innan Evrópu að því er snertir byrjunar- og framhaldsþjálfun, einkum á sviði hátækni, til að bregðast við tæknilegum og þjóðfélagslegum breytingum sem verða þegar innri markaðurinn kemst á og eins til að efla efnahagslega og félagslega einingu innan hans. Aðgerðunum er beint til starfsþjálfunarnema, þar á meðal til þeirra sem lokið hafa byrjunarþjálfun sinni, og til fólks sem þegar er virkt á vinnumarkaði, þar á meðal til fulltrúa atvinnurekenda og launþega og viðkomandi þjálfunarstjóra.
2. Innan ramma COMETT áætlunarinnar verða verkefni sem njóta munu stuðnings bandalagsins valin einkum á þeim grundvelli hversu hvetjandi þau eru og eftirbreytniverð og hvernig þau stuðla að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 3. gr. ákvörðunarinnar. Við val verkefna innan hinna ólíku þátta mun tekin til greina þróun rammaáætlunar um tæknirannsóknir og tæknipróun til að efla þjálfunaráætlanir sem rannsóknir innan bandalagsins geta af sér, en þess mun jafnframt gætt að forðast endurtekningar. Einnig mun tekið til greina hvaða kunnáttu er þörf fyrir í fyrirtækjum og meðal hámenntaðs starfsfólks þeirra, einkum hjá litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum, og tillit tekið til svæða þar sem samstarf háskóla og fyrirtækja er ekki á mjög háu stigi enn sem komið er. Þjálfun sem beinist inn á tæknikunnáttu á nýjum sviðum mun njóta forgangs, bæði hjá fyrirtækjum á sviði tæknivaxtar og í atvinnugreinum þar sem hefð er fyrir slíkri tækni og eins að því er varðar tilflutning á tæknipækkingu og umsýslu hennar.
3. Verkefni sem fá stuðning frá bandalaginu verða valin úr verkefnum sem:
 - i) gert er ráð fyrir að nái til sviða, hvort sem er að inntaki, tæknibúnaði eða tengslum, sem eru ný af nálinni, ekki aðeins í viðkomandi háskólum og fyrirtækjum heldur og í viðkomandi aðildarríkjum og í bandalaginu í heild;
 - ii) eru hönnuð með það í huga að ná sem víðast og best, ekki aðeins í viðkomandi aðildarríkjum heldur einnig sem víðast innan bandalagsins;
 - iii) eru hönnuð sérstaklega til þess að örva svipaða þróun annars staðar innan bandalagsins og til að örva frekari þróun í viðkomandi háskólum og fyrirtækjum.
4. Eftirfarandi aðgerðum verður hrundið í framkvæmd meðan COMETT II er í gildi:

A. Tengslanet innan Evrópu

- a) Þróun og efling þjálfunarsamstarfs milli háskóla og fyrirtækja (UITP-samstarf) og útbreiðsla tengslanets innan Evrópu, bæði innan einstakra svæða og atvinnugreina, með það fyrir augum að ýta undir samstarf milli þjóða, einkum á eftirtöldum sviðum:
 - i) sem stuðla að því að greina hvar þörf er fyrir tæknipjálfun og finna lausnir á þeim í tengslum við viðeigandi aðila á þessu sviði;
 - ii) sem styðja við og auðvelda þróun og hagnýtingu verkefna innan annarra þátta í COMETT II áætluninni;
 - iii) sem styrkja samstarf og flutninga svæða í milli í einstökum aðildarríkjum í uppbyggingu byrjunar- og framhaldsþjálfunar eftir þörfum tækninnar, hagnýtingu hennar og tilflutningi;

- iv) sem leggja rækt við sambönd í formi tengslaneta milli þjóða í einstökum atvinnugreinum og leiða saman verkefni úr ýmsum þáttum áætlunarinnar á sama þjálfunarsviði.
- b) Bandalagið mun veita fjárhagsaðstoð til starfsemi sem fer fram innan margra Evrópulanda, og einnig til þess að þjálfunarsamstarf háskóla og fyrirtækja verði virkt. Slíkt fast framlag mun ekki fara yfir 50% af kostnaði sem tekinn verður til greina. Stuðningur þessi verður lækkaður stig af stigi og verður fyrir hvert samstarfsverkefni að hámarki ECU 70.000, ECU 60.000 og ECU 50.000 fyrstu þrjú árin í þeirri röð. Í ákveðnum undantekningartilvikum sem þykja tilhlýðilega réttlætlanleg getur framlag bandalagsins stadið lengur en umrædd þrjú ár.
- Pó má bandalagið fjármagna, ef nauðsyn ber til, allt að 100% af aukakostnaði sem háskólar verða fyrir vegna undirbúnings og framkvæmdar sameiginlegra þjálfunarverkefna.
- c) Starfsemi sem ráðist verður í samkvæmt þætti A fer ekki yfir 12% af heildarfjárveitingu til COMETT II áætlunarinnar, með fyrirvara - að því er varðar þennan þátt og hina þættina - um breytingar sem gætu komið fram eftir því sem framkvæmd áætlunarinnar miðar áleiðis.

B. Nemendaskipti milli þjóða

- a) Sérstök fjárhagsaðstoð, sem kemur öllum aðildarríkjum til góða, verður veitt í því skyni að efla nemendaskipti milli þjóða með úthlutun styrkja fyrir:
- i) nemendur sem eru í þjálfun hjá fyrirtækjum í öðru aðildarríki í þrjú til tólf mánuði. Einn mikilvægur mælikvarði við matið þegar velja á verkefni sem sótt hefur verið um verða skuldbindingar þess háskóla sem sendir nemanda (í þeim skilningi sem kemur fram í 2. gr.) varðandi möguleikana á að þetta þjálfunartímabil hjá fyrirtæki verði viðurkennt sem eiginlegur hluti námsins, og sé þá tekið tillit til sérkenna í menntunarkerfi hvers lands og möguleika til slíkrar viðurkenningar í samræmi við það;
 - ii) fólk sem lokið hefur byrjunarþjálfun og er ýmist skráð í háskóla eða hefur lokið prófi og fær stöður hjá fyrirtæki í öðru aðildarríki í sex mánuði til tvö ár sem millibilsstig milli náms og fyrsta starfs á vinnumarkaði, í þeim tilgangi að taka þátt í atvinnuþróunarverkefni innan viðkomandi fyrirtækis;
 - iii) starfsfólk sem flutt er tímabundið á vegum háskóla og fyrirtækja til fyrirtækis eða háskóla í öðru aðildarríki til þess að flytja með sér kunnáttu til viðkomandi fyrirtækis eða háskóla í því augnamiði að bæta þjálfunarstarfið og faglega starfshætti hjá gestgjafanum.
- b) Fjárframlag bandalagsins verður takmarkað við beinan eða óbeinan ferðakostnað styrkþega, kostnað við skipulagningu og eftirlit með starfseminni sem framkvæmd er, og þar sem það er nauðsynlegt, við kostnað styrkþega vegna undirbúnings á erlendu tungumáli. Þetta framlag fer að hámarki ekki yfir ECU 6.000 fyrir 12 mánuði á hvern viðtakanda samkvæmt staflíð i), ECU 25.000 fyrir 24 mánuði samkvæmt staflíð ii) og ECU 15.000 fyrir þrjú mánuði samkvæmt staflíð iii) hér á undan.
- c) Starfsemi sem ráðist er í samkvæmt þætti B fer ekki yfir 40% af heildarfjárveitingu til COMETT II áætlunarinnar.

C. Sameiginleg verkefni um framhaldsþjálfun, einkum á sviði hátækni og fjarþjálfunar um margs konar fjölmiðla

- a) Stuðningur við skyndiþjálfunarnámskeið fólks alls staðar að úr Evrópu, einkum í hátækni, sem hönnuð eru með það í huga að breiða hratt út niðurstöður rannsóknna og þróunar á sviði nýrra tæknigreina og hagnýtingar þeirra - af hálfu háskóla og innan þeirra og af hálfu fyrirtækja og innan þeirra - og til að stuðla að færslu tækninýjunga inn í atvinnugreinar þar sem þeim hefur ekki verið beitt áður, einkum í þágu lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja.
- b) Stuðningur við starf að því að finna upp, þróa og prófa sameiginleg þjálfunarverkefni á Evrópugrundvelli, einkum á sviði hátækni, sem ýmis fyrirtæki gangast fyrir sameiginlega í tengslum við viðkomandi háskóla í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum bandalagsins, á sviðum sem tengjast nýjum tæknigreinum og hagnýtingu þeirra.
- c) Stuðningur við marghliða þjálfunarfyrirkomulag, einkum vegna þjálfunar á sviði hátækni, sem ýmis fyrirtæki hafa sameiginlega forgöngu um í tengslum við viðkomandi háskóla og miðar að því að koma á fjárnámskerfum þar sem ný þjálfunartækni er hagnýtt og/eða leiðir til framleiðslu færarlegra þjálfunargagna.

- d) Stuðningur við þær aðgerðir sem nefndar eru í ofangreindum staflíðum og samtök atvinnurekenda og launþega hafa forgöngu um.
- e) Við val verkefna samkvæmt lið a) til d) að ofan mun bandalagið sérstaklega gefa gaum að verkefnum:
- i) sem varða tæknigreinar og hagnýtingu þeirra sem líklegt er að hafi mikil áhrif á iðnþróun um gervallt bandalagið;
 - ii) sem auðvelda þátttöku lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja og uppfylla þarfir þeirra;
 - iii) sem beinast að þjálfun starfsfólks sem ber ábyrgð á þróun nýjunga í atvinnulífinu, þar á meðal þjálfunarstjóra;
 - iv) sem koma á sambandi milli samstarfsaðila í háskólum og fyrirtækjum frá miður þróuðum svæðum innan bandalagsins;
 - v) sem sýna fram á virka þátttöku fyrirtækja í verkefninu og fjárhagsstuðning þeirra;
 - vi) sem leggja til áhrifaríkar leiðir til að tryggja hagnýtingu og útbreiðslu þess sem starfsemin skilar um gervallt bandalagið.
- f) Fjárframlag bandalagsins verður 50% af heildarkostnaði við þau verkefni sem lýst er í liðum a) til d) að ofan. Almenna reglan verður sú að framlag bandalagsins fer ekki yfir ECU 30.000 fyrir hvert námskeið samkvæmt lið a) og ekki yfir ECU 500.000 fyrir hvert verkefni um aðgerðir samkvæmt liðum b) og c), meðan það stendur yfir. Þó má bandalagið, þar sem það á við, greiða allt að 100% af aukakostnaði sem háskólar verða fyrir við undirbúning og framkvæmd sameiginlegra verkefna um framhaldsmenntun á sviði hátækni og fjarnáms um margs konar fjölmiðla.
- g) Starfsemi sem ráðist er í samkvæmt þætti C fer ekki yfir 40% af heildarfjárveitingu til COMETT II áætlunarinnar.

D. Kynning og stuðningsaðgerðir

- a) Markmið þessara ráðstafana er:
- i) stuðningur við undirbúningsstarfsemi einkum á miður þróuðum svæðum, sérstaklega í formi heimsóknna eða funda sem hafa það hugsanlega markmið að móta verkefni þjóða í milli eða að tengja þau verkefni sem þegar eru fyrir hendi öðrum samstarfsaðilum;
 - ii) skipuleg, gagnkvæm miðlun upplýsinga og reynslu, sérstaklega með fjárhagsstuðningi við upplýsingastofur vegna COMETT sem settar verða á fót í hverju aðildarríki með það fyrir augum að stuðla að gagnkvæmum samskiptum og útbreiðslu upplýsinga svo og kynningarstarfsemi í samræmi við áætlunina;
 - ii) a) stofnun gagnabanka um COMETT-verkefni og svipað framtak í aðildarríkjunum;
 - ii) b) stofnun tölvupóstþjónustu milli verkefnabækistöðva og samstarfsaðila í áætluninni;
 - ii) c) verkefnaskrá um viðburði sem tengjast COMETT II (ráðstefnur, námsstefnur, sýningar o.s.frv.);
 - iii) greining og eftirlit með því hvaða kunnáttu er þörf fyrir hjá fyrirtækjum í bandalaginu öllu og þarafleiddandi þörf fyrir þjálfun með tilliti til nýrra tæknigreina og hagnýtingar þeirra, einkum að því er lýtur að nýtingu þess starfs sem unnið er annars staðar á vettvangi COMETT II;
 - iv) betri gagnkvæmur skilningur á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir þróun þjálfunarsamstarfs milli háskóla og æðri menntastofnana og fyrirtækja þjóða í milli með það að markmiði að efla slíkt samstarf;
 - v) sífellt endurmat á COMETT II eins og það reynist í framkvæmd auk tækniástoðar og ástoðar með aðföng til að hrinda áætluninni í verk.
- b) Fjárframlag bandalagsins til þessara stuðningsaðgerða mega nema allt að 100% af raunverulegum kostnaði sem ákveðið hefur verið að verja til þeirra.
- c) Starfsemi sem ráðist er í samkvæmt þætti D fer ekki yfir 8% af heildarfjárveitingu til COMETT II áætlunarinnar.

VIÐAUKI II

Fjárhagsviðauki

1. gr.

Það fjármagn sem áætlað er nauðsynlegt - fyrir utan öll framlög EFTA-ríkjanna - til að hrinda COMETT II áætluninni í framkvæmd innan bandalagsins og ákveðið er í COMETT-ákvörðuninni frá 16. desember 1988 nemur 200 milljónum ECU á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. desember 1994.

2. gr.

Ráðstöfunarfé sem veitt verður til COMETT II áætlunarinnar skal vera í samræmi við fjárhagslegar horfur í bandalaginu og þróun þeirra. Þær fjárveitingar sem verða til reiðu ár hvert skulu ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga bandalagsins.

3. gr.

Fyrir ársbyrjun ár hvert skal framkvæmdastjórnin láta Ísland vita um upphæð fjárveitinga til ráðstöfunar það ár að því er viðkemur COMETT II áætluninni. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Íslandi breytingar á þessari upphæð sem kunna að verða á árinu.

VIÐAUKI III

Fjármögnunarreglur

1. gr.

Gildandi fjárhagsreglugerð sem á við um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal gilda, einkum um stjórnun fjárveitinga.

2. gr.

Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem COMETT II áætlunin er endurskoðuð þannig að valdi hækkun þeirrar upphæðar sem áætlað er að þurfi til að framkvæma hana, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skráð í Evrópugjaldmiðli, ECU, og skal greiðast inn á ECU-bankareikning framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í samræmi við fjárkröfuna og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að hún hefur verið send. Sérhver töf á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af hálfu Íslands af útstandandi upphæð frá gjalddaga. Vextir þessir eru þeir sömu fyrir gjalddagamánuðinn og (FECOM) (EFMC) leggur á fyrir starfsemi sína í Evrópugjaldmiðli, ECU, að viðbættu 1,5 prósentustigi.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samnings við Búlgaríu um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 24. apríl 1990 var 2. gr. samnings milli Íslands og Búlgaríu frá 10. apríl 1968 felld niður til bráðabirgða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1968 þar sem samningurinn er birtur. Niðurfellingin gildir ekki um handhafa diplómáttískra vegabréfa.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. apríl 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Efnahagsbandalag Evrópu um tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti.

Hinn 30. apríl 1990 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaskiptikerfi fyrir viðskipti sem undirritaður var í Brussel 15. desember 1989. Samningurinn öðlaðist gildi 1. maí 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, hér á eftir nefnt „Ísland“, og

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU, hér á eftir nefnt „bandalagið“,

bæði hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir“,

PAR EÐ Ráð Evrópubandalaganna samþykkti með ákvörðun hinn 5. október 1987 bandalagsáætlun á sviði tölvugagnaskiptakerfis fyrir viðskipti, iðnað og stjórnsýslu, hér á eftir nefnd „TEDIS-áætlunin“;

PAR EÐ aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu, hér á eftir nefnd EFTA, taka ásamt bandalaginu virkan þátt í að útbúa evrópska og alþjóðlega staðla á þessu sviði; þar eð sameiginlegur hagur er af því að koma á samvinnu á sviði eins og CD-verkefninu og fjarskiptum;

PAR EÐ þátttaka Íslands í TEDIS-áætlun bandalagsins mun greiða fyrir þessari samvinnu, stuðla að því að sneytt verði hjá myndun nýrra tæknilegra hindrana í viðskiptum milli bandalagsins og aðildarríkja EFTA og stuðla að samræmdri þróun í tölvuvæddri sendingu viðskiptagagna um gervalla Evrópu,

HAFA Í HUGA hina sameiginlegu yfirlýsingu um stofnun evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem samþykkt var í Lúxemborg 9. apríl 1984 af ráðherrum aðildarríkja EFTA og ráðherrum aðildarríkja bandalagsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna;

HAFA ORÐIÐ SAMMÁLA UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Ísland tekur hér með þátt í TEDIS-áætluninni samkvæmt skilmálum samnings þessa. Kveðið er á um markmið TEDIS-áætlunarinnar í viðauka A.

2. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“, ber ábyrgð á framkvæmd þessarar áætlunar.

2. gr.

Fyrirtæki, þar á meðal smá og miðlungsstór fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðrir aðilar á Íslandi, geta boðið í og tekið að sér framkvæmd samninga samkvæmt TEDIS-áætluninni á sömu kjörum og skilmálum og gilda um fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðra aðila sem starfa innan bandalagsins.

3. gr.

Samningaðilar skulu hafa aðgang að niðurstöðum af framkvæmd TEDIS-áætlunarinnar, sérstaklega þeim sem leiðir af samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

1. Fjárframlag Íslands sem leiðir af þátttöku þess í TEDIS-áætluninni skal ákvarðað í hlutfalli við þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er ár hvert í almennum fjárlögum bandalagsins sem fjárveiting til að standa undir fjárskuldbindingum framkvæmdastjórnarinnar vegna framkvæmdar áætlunarinnar.

2. Hlutdeild Íslands vegna þátttökunnar skal ákvörðuð sem hlutfall vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverði af samanlagðri vergri landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverði. Hlutfall þetta skal reiknað út miðað við síðustu tölfraðilegar upplýsingar sem fyrir hendi eru frá OECD.

3. Fjárhæðin sem talin er nauðsynleg til þess að framkvæma TEDIS-áætlunina og fjárhæð áætlaðs framlags Íslands er að finna í viðauka B.

4. Ákvæði og reglur varðandi fjárframlag Íslands er að finna í viðauka C.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal veita Íslandi upplýsingar um hvernig verkefnum miði samkvæmt TEDIS-áætluninni.

6. gr.

1. Samningur þessi skal gilda meðan TEDIS-áætlun bandalagsins stendur.

2. Endurskoði bandalagið TEDIS-áætlunina má segja samningnum upp samkvæmt skilmálum sem báðir hafa samþykkt. Tilkynna skal Íslandi hvað felst nákvæmlega í hinni endurskoðuðu áætlun innan viku frá því að bandalagið hefur samþykkt hana. Samningsaðilar skulu gera hvor öðrum viðvart innan þriggja mánaða frá ákvörðun bandalagsins ef fyrirsjáanlegt er að til uppsagnar samningsins komi.

3. Þegar ráðist er í nýja TEDIS-áætlun framlengist samningur þessi sjálfkrafa meðan á áætluninni stendur, nema honum sé sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila innan þriggja mánaða frá því að ákveðið var að ráðast í áætlunina. Ákvæði 2. mgr. gilda áfram.

4. Í hvert sinn sem ákvörðun er tekin af bandalaginu um endurnýjun TEDIS-áætlunarinnar skal viðauka A og B breytt til samræmis við ákvörðun bandalagsins, nema samkomulag sé um annað milli samningsaðila.

5. Ekki skal litið svo á að samningur þessi hafi fallið úr gildi af þeirri ástæðu einni að tafir hafi orðið á samþykkt nýrrar TEDIS-áætlunar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur hvor samningsaðili sagt upp samningi þessum hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara. Verkefnum og vinnu sem stendur yfir við uppsögn eða lok gildistíma þessa samnings skal haldið áfram þar til þeim er lokið samkvæmt skilmálum samningsins.

7. gr.

Viðaukar A, B og C við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

8. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum samkvæmt eigin stjórnarfarsháttum þeirra. Hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum að lokið sé málsmeðferð til þess að svo megi verða.

9. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn fimmtánda dag desembermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fyrir ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands
Einar Benediktsson

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Jean Vidal
Gianluigi Giola

VIÐAUKI A

Markmið TEDIS-áætlunarinnar fyrir tímabilið 1988-89 er:

1. að samræma innan bandalagsins vinnu sem fram fer í aðildarríkjunum varðandi þróun tölvugagnaskiptakerfa fyrir viðskipti;
2. að glæða vitund um þessi mál meðal hugsanlegra notenda;
3. að gera evrópskum framleiðendum vélbúnaðar og hugbúnaðar ljósa möguleika sem felast í tölvugagnaskiptum;
4. að beina aðstoð til ólíkra atvinnugreina í Evrópu með skipulegum hætti;
5. að taka tillit til sérþarfa tölvugagnaskipta milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og bandalagsins vegna stjórnarstefnu á sviði fjarskipta og staðla, og annast undirbúningsvinnu í þeim tilgangi;
6. að veita aðstoð við uppsetningu miðstöðva til samhæfiprófunar á hugbúnaði og vélbúnaði til nota í tölvugagnaskiptakerfum fyrir viðskipti;
7. að leita lausna á lagalegum vandamálum sem gætu verið þróun tölvugagnaskipta í viðskiptum fjötur um fót og tryggja að þröngar fjarskiptareglur geti ekki hamlað uppbyggingu tölvugagnaskipta fyrir viðskipti;
8. að kanna öryggiskröfur í tölvugagnaskiptakerfum fyrir viðskipti til þess að tryggja leynd boðsendinganna;
9. að kanna sérstök vandamál sem stafa af tungumálafjölda innan bandalagsins og, í því skyni, að kanna möguleika á því að nota niðurstöður sem fengnar eru með eða vænst er af vélþýðingaráætlunum Systran og Eurotra til að stuðla að notkun allra tungnanna;
10. að kanna hversu ráðlegt er að stuðla að þróun hins sérhæfða hugbúnaðar sem nauðsynlegur er tölvugagnaskiptum í viðskiptum;
11. að skrá yfirstandandi eða líkleg sérverkefni á sviði tölvugagnaskipta í viðskiptum og gera samanburðargreiningu á þeim;
12. að benda á sérstakar þarfir sem koma í ljós þegar tölvugagnaskiptakerfum í viðskiptum er komið á og auðveldara væri að leysa með fyrirgreiðslu bandalagsins;
13. að láta fara fram sérstaka athugun á því hvernig aðstoða megi smá og miðlungsstór fyrirtæki til virkrar þátttöku í tölvugagnaskiptum í viðskiptum;
14. að huga að hugsanlegum stuðningi við tilraunaverkefni sem líklega gætu leitt til þess, væri þeim komið smám saman í framkvæmd, að almennar lausnir myndust á vandamálum sem sameiginlegur áhugi er á að leysa og fyrirfinnast í flestum tölvugagnaskiptakerfum í viðskiptum.

VIÐAUKI B**Fjárhagsáætlun fyrir 1989**

Óhjákvæmilegur kostnaður til framkvæmdar TEDIS-áætluninni, að frádregnum ferðakostnaði og launum sérfræðinga vegna skrifstofu EDIFACT-nefndarinnar: 3,84 milljónir ECU.

Áætlað framlag Íslands er 4.608 ECU.

VIÐAUKI C
Reglur varðandi fjármögnun

1. gr.

Í viðauka þessum er að finna ákvæði varðandi framlag Íslands sem um ræðir í 4. gr. samningsins.

2. gr.

1. EFTA-skrifstofan skal sjá um framlag Íslands.

2. Ár hvert á umsömdum tíma af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-skrifstofunnar skal framkvæmdastjórnin senda EFTA-skrifstofunni beiðni um framlag er svari til framlags allra EFTA-landanna vegna kostnaðar sem leiðir af samningum þeirra um þátttöku í TEDIS-áætluninni.

3. Framlagið skal tilgreint bæði í ECU og í svissneskum frónkum, en samsetning ECU er skilgreind í ráðsreglugerð (EBE) nr. 3180/78. Andvirði framlagsins í ECU skal ákveðið sama dag og greiðslubeiðni er borin fram.

4. EFTA-skrifstofan skal greiða framkvæmdastjórninni framlag EFTA-landanna vegna árlegs kostnaðar samkvæmt samningum þeirra í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að EFTA-skrifstofan hefur mótttekið beiðni um greiðslu. Verði vanefndir á greiðslu framlagsins skal EFTA-skrifstofan greiða vexti sem svara til hæstu forvaxta sem í gildi eru á gjalddaga í aðildarríkjum bandalagsins. Vextir skulu hækka um fjórðung úr prósentu fyrir hvern mánuð sem vanskil standa.

5. Hinum hækkuðu vöxtum skal beitt um allt vanskilatímabilið.

6. Reglur um fjármál sem í gildi eru og beitt verður við hin almennu fjárlög Evrópubandalaganna skulu gilda um ráðstöfun fjárveitinganna.

7. Í lok hvers árs skal efnahagsreikningur gerður fyrir fjárveitingar vegna TEDIS-áætlunarinnar og sendur Íslandi og EFTA-skrifstofunni til upplýsinga.

AUGLÝSING

**um breytingu á samningi um að koma í veg fyrir ólögmatar
aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.**

Hinn 9. maí 1990 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem gerð var í Montreal 23. febrúar 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1973 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 23. febrúar 1988. Hún öðlast gildi að því er Ísland varðar 8. júní 1990.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.**BÓKUN**

til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971

Ríki, sem aðilar eru að bókun þessari, telja, að ólögmatar ofbeldisaðgerðir sem stofna mönnum í hættu eða fallnar eru til að stofna mönnum í hættu í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eða rekstri slíkra flughafna, grafi undan trausti þjóða heims til öryggis innan þeirra og trufla öryggi og skipulag almennra flugsamgangna til skaða fyrir öll ríki;

telja slíkar aðgerðir mikið áhyggjuefni öllum þjóðum, og að til að fyrirbyggja þær sé brýn þörf á viðeigandi úrræðum til að refsa þeim sem brotlegir gerast;

telja nauðsynlegt, til að bregðast við slíkum ofbeldisaðgerðum í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, að setja viðbótarreglur við ákvæði samnings til að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971; og

hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Bókun þessi er til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971 (hér eftir nefndur „samningurinn“), og milli aðila að bókuninni skulu hún og samningurinn lesin og túlkuð saman sem einn löggerningur væri.

2. gr.

1. Inn í 1. gr. samningsins skal bæta við nýrri málsgrein, 1. mgr. *bis*:

„1. *bis*. Sá gerist sekur um afbrot, sem á ólögmatan hátt og af ásetningu, með því að nota hvers kyns útbunad, efni eða vopn:

(a) Beitir ofbeldi gegn einstaklingi í flughöfn fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem veldur eða fallið er til að valda verulegu líkamstjóni eða bana; eða

(b) eyðileggur eða veldur alvarlegum skemmdum á búnaði flughafnar fyrir almenna alþjóðlega

PROTOCOL

for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation, Supplementary to the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, Done at Montreal on 23 September 1971

The States Parties to this Protocol

Considering that unlawful acts of violence which endanger or are likely to endanger the safety of persons at airports serving international civil aviation or which jeopardize the safe operation of such airports undermine the confidence of the peoples of the world in safety at such airports and disturb the safe and orderly conduct of civil aviation for all States;

Considering that the occurrence of such acts is a matter of grave concern to the international community and that, for the purpose of deterring such acts, there is an urgent need to provide appropriate measures for punishment of offenders;

Considering that it is necessary to adopt provisions supplementary to those of the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 23 September 1971, to deal with such unlawful acts of violence at airports serving international civil aviation;

Have agreed as follows:

ARTICLE I

This Protocol supplements the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 23 September 1971 (hereinafter referred to as “the Convention”), and, as between the Parties to this Protocol, the Convention and the Protocol shall be read and interpreted together as one single instrument.

ARTICLE II

1. In Article 1 of the Convention, the following shall be added as new paragraph 1 *bis*:

“1 *bis*. Any person commits an offence if he unlawfully and intentionally, using any device, substance or weapon:

(a) performs an act of violence against a person at an airport serving international civil aviation which causes or is likely to cause serious injury or death; or

(b) destroys or seriously damages the facilities of an airport serving international civil aviation or

flugumferð, eða loftfars sem ekki er í rekstri og þar er staðsett, eða raskar starfsemi flughafnarinnar;

ef verknáðurinn stofnar í hættu eða er fallinn til að stofna í hættu öryggi innan flughafnarinnar.“

2. Eftirfarandi orðum skal skotið inn í a-lið 2. mgr. 1. gr. samningsins á eftir orðunum „í 1. mgr.“:

„eða 1. mgr. *bis*.“

3. gr.

Við 5. gr. samningsins skal bæta við nýrri málsgrein, 2. mgr. *bis*:

„2 *bis*. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir þeim afbrotum sem getur í 1. gr. 1. mgr. *bis* og 2. mgr. 1. gr., að því leyti sem síðastnefnd mgr. á við um þessi afbrot, í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður dvelur á landsvæði þess ríkis og ríkið framselur hann ekki samkvæmt 8. gr. til þess ríkis sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.“

4. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 24. febrúar 1988 af hálfu þeirra ríkja sem þátt taka í alþjóðráðstefnu um loftferðarétt í Montreal 9.–24. febrúar 1988. Eftir 1. mars 1988 skal bókunin liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í London, Moskvu, Washington og Montreal, uns hún öðlast gildi samkvæmt VI. gr.

5. gr.

1. Bókun þessi er háð fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hana undirrita.

2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur fullgilt bókun þessa ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.

3. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórnnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku, eða Alþjóðaðflugmálastofnuninni, en þeim er hér með falin varsla þeirra.

6. gr.

1. Er tíu ríki sem undirritað hafa bókun þessa hafa afhent skjöl sín um fullgildingu hennar, skal hún öðlast gildi á milli þeirra á þritugasta degi frá því er tíunda fullgildingarskjal var afhent. Gagnvart hverju ríki sem síðar afhendir fullgildingar-

aircraft not in service located thereon or disrupts the services of the airport,

if such an act endangers or is likely to endanger safety at that airport.”

2. In paragraph 2 (a) of Article 1 of the Convention, the following words shall be inserted after the words “paragraph 1”:

“or paragraph 1 *bis*”.

ARTICLE III

In Article 5 of the Convention, the following shall be added as paragraph 2 *bis*:

“2 *bis*. Each Contracting State shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences mentioned in Article 1, paragraph 1 *bis*, and in Article 1, paragraph 2, in so far as that paragraph relates to those offences, in the case where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him pursuant to Article 8 to the State mentioned in paragraph 1 (a) of this Article.”

ARTICLE IV

This Protocol shall be open for signature at Montreal on 24 February 1988 by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 9 to 24 February 1988. After 1 March 1988, the Protocol shall be open for signature to all States in London, Moscow, Washington and Montreal, until it enters into force in accordance with Article VI.

ARTICLE V

1. This Protocol shall be subject to ratification by the signatory States.

2. Any State which is not a Contracting State to the Convention may ratify this Protocol if at the same time it ratifies or accedes to the Convention in accordance with Article 15 thereof.

3. Instruments of ratification shall be deposited with the Governments of the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America or with the International Civil Aviation Organization, which are hereby designated the Depositories.

ARTICLE VI

1. As soon as ten of the signatory States have deposited their instruments of ratification of this Protocol, it shall enter into force between them on the thirtieth day after the date of the deposit of the tenth instrument of ratification. It shall enter into

skjal sitt skal hún öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingarskjalið var afhent.

2. Um leið og bókun þessi öðlast gildi skal hún skrásett af vörsluaðilum í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

7. gr.

1. Er bókun þessi hefur öðlast gildi skal öllum ríkjum sem ekki hafa undirritað hana heimilt að gerast aðilar að henni.

2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur gerst aðili að bókun þessari ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.

3. Aðildarskjöl skulu afhent vörsluaðilum, og skal aðild öðlast gildi þrjátíu dögum eftir afhendinguna.

8. gr.

1. Hver aðili að bókun þessari getur sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilanna.

2. Uppsögn öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi er vörsluaðilar fengu tilkynninguna í hendur.

3. Uppsögn bókunar þessarar skal ekki í sjálfu sér hafa uppsagnarhrif á samninginn.

4. Uppsögn samningsins af hálfu samningsríkis, eins og honum hefur verið breytt með bókun þessari, skal einnig hafa uppsagnarhrif á bókun þessa.

9. gr.

1. Vörsluaðilar skulu án tafar tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni, og öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum

(a) um dagsetningu hverrar undirritunar og afhendingar hvers fullgildingar- eða aðildarskjals að bókun þessari, og

(b) um móttöku hverrar tilkynningar um uppsögn bókunar þessarar, og móttökudag.

2. Einnig skulu vörsluaðilar tilkynna ríkjum þeim er í 1. t. segir um gildistöku dag bókunar þessar samkvæmt VI. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

force for each State which deposits its instrument of ratification after that date on the thirtieth day after deposit of its instrument of ratification.

2. As soon as this Protocol enters into force, it shall be registered by the Depositaries pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations and pursuant to Article 83 of the Convention on International Civil Aviation (Chicago, 1944).

ARTICLE VII

1. This Protocol shall, after it has entered into force, be open for accession by any non-signatory State.

2. Any State which is not a Contracting State to the Convention may accede to this Protocol if at the same time it ratifies or accedes to the Convention in accordance with Article 15 thereof.

3. Instruments of accession shall be deposited with the Depositaries and accession shall take effect on the thirtieth day after the deposit.

ARTICLE VIII

1. Any Party to this Protocol may denounce it by written notification addressed to the Depositaries.

2. Denunciation shall take effect six months following the date on which notification is received by the Depositaries.

3. Denunciation of this Protocol shall not of itself have the effect of denunciation of the Convention.

4. Denunciation of the Convention by a Contracting State to the Convention as supplemented by this Protocol shall also have the effect of denunciation of this Protocol.

ARTICLE IX

1. The Depositaries shall promptly inform all signatory and acceding States to this Protocol and all signatory and acceding States to the Convention:

(a) of the date of each signature and the date of deposit of each instrument of ratification of, or accession to, this Protocol, and

(b) of the receipt of any notification of denunciation of this Protocol and the date thereof.

2. The Depositaries shall also notify the States referred to in paragraph 1 of the date on which this Protocol enters into force in accordance with Article VI.

In witness whereof the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their Governments, have signed this Protocol.

Gjört í Montreal 24. febrúar 1988 í fjórum jafngidum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í fjórum frumritum.

Done at Montreal on the twenty-fourth day of February of the year One Thousand Nine Hundred and Eighty-eight, in four originals, each being drawn up in four authentic texts in the English, French, Russian and Spanish languages.

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 9. maí 1990 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna þriggja bókana um breytingar á samþykktinni um alþjóðaflugmál (stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 50. Bókanirnar voru gerðar í Róm 15. september 1962, í Montreal 6. október 1980 og í Montreal 6. október 1989. Bókunin frá 1962 öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 9. maí 1990. Tilkynt verður um gildistöku hinna bókananna síðar.

Með bókuninni frá 1962 var 48. gr. (a) í samþykktinni breytt þannig að í stað 10 samningsríkja þarf samþykki eins fimmta hluta samningsríkja til þess að hægt sé að kalla saman aukafundi þings stofnunarinnar.

Með bókuninni frá 1980 var bætt inn nýrri 83. gr. bis í samþykktina. Greinin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með bókuninni frá 1989 var 56. gr. samþykktarinnar breytt þannig að fulltrúum í loftsiglinganefnd stofnunarinnar var fjölgað úr 15 í 19.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

83. gr. bis

Flutningur á ákveðnum skyldum og skuldbindingum

(a) Þrátt fyrir ákvæði 12., 30. og 31. gr. og a-liðar 32. gr. getur samningsríki, er flugfar sem þar er skráð er notað samkvæmt samningi um leigu, afnot, skipti á flugförum eða svipaða tilhögun, af atvinnurekanda sem hefur aðalstarfsstöð sína í öðru samningsríki, eða hefur þar varanlegt aðsetur hafi hann enga slíka starfsstöð, gert samkomulag við það ríki um að það taki að öllu leyti eða að hluta við skyldum þess og skuldbindingum sem heimaríkis flugfarsins samkvæmt 12., 30. og 31. gr. og a-lið 32. gr. Heimaríkið er þá laust undan ábyrgð varðandi þær skyldur og skuldbindingar sem fluttar hafa verið.

Article 83 bis

Transfer of certain functions and duties

(a) Notwithstanding the provisions of Articles 12, 30, 31 and 32 (a), when an aircraft registered in a contracting State is operated pursuant to an agreement for the lease, charter or interchange of the aircraft or any similar arrangement by an operator who has his principal place of business or, if he has no such place of business, his permanent residence in another contracting State, the State of registry may, by agreement with such other State, transfer to it all or part of its functions and duties as State of registry in respect of that aircraft under Articles 12, 30, 31 and 32 (a). The State of registry shall be relieved of responsibility in respect of the functions and duties transferred.

II. The amendments to the Convention as hereby approved are submitted to the Member States for acceptance. The amendments shall enter into force on 1 July 1990 provided they are accepted before that date by all Member States. If the amendments do not enter into force on 1 July 1990, they shall do so on the first day of the second month following the acceptance by the last Member State.

III. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

ANNEX E**Transitional arrangements applicable to fish and other marine products**

Article 1

Unless otherwise provided for in Articles 2 to 4 of this Annex, fish and other marine products falling within Chapter 3 of the Harmonized System are covered by the provisions of the Convention as from 1 July 1990.

2. gr.

Hvers konar ríkisstyrkjum til sjávarútvegs sem stríða gegn ákvæðum 13. greinar samningsins skal hætt ekki síðar en 31. desember 1993.

3. gr.

Svíþjóð má beita magntakmörkunum við innflutning eftirtalinna vörutegunda til 31. desember 1993, að svo miklu leyti sem það kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlegt ójafnvægi á sænska markaðnum.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Sild – Þorskur

4. gr.

1. Finnland má halda tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi eftirtaldar vörutegundir. Finnland skal ekki síðar en 31. desember 1992 leggja fram ákveðna tímaáætlun um afnám þessara undantekninga.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Lax – Eystrasaltssild
úr 03.03	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Lax – Eystrasaltssild
úr 03.04	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst: – Ný eða kæld laxaflök – Ný eða kæld Eystrasaltssildarflök

2. Á meðan Finnland heldur tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi Eystrasaltssild má Svíþjóð beita magntakmörkunum á innflutning þeirrar vörutegundar.

Article 2

Any form of government aid to the fishing sector which is not compatible with Article 13 of the Convention shall be eliminated not later than 31 December 1993.

Article 3

On the following products Sweden may until 31 December 1993 apply quantitative import restrictions, in so far as this may be necessary to avoid serious disturbances in the Swedish market.

HS heading No.	Description of goods
ex 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Herring – Cod

Article 4

1. On the following products Finland may temporarily maintain its present regime. Not later than 31 December 1992 Finland shall present a fixed timetable for the elimination of these exemptions.

HS heading No.	Description of goods
ex 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Salmon – Baltic herring
ex 03.03	Fish, frozen, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Salmon – Baltic herring
ex 03.04	Fish fillets and other fish meat (whether or not minced), fresh, chilled or frozen – Fresh or chilled fillets of salmon – Fresh or chilled fillets of Baltic herring

2. As long as Finland temporarily maintains its present regime with regard to Baltic herring, Sweden may apply quantitative import restrictions for that product.

AUGLÝSING

um samning við Tékkóslóvakíu um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 12. og 13. júlí 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Tékkóslóvakíu um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 15. júlí 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. júlí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Þýska alþýðulýðveldið um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 19. júlí 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 1. ágúst 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. júlí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Ungverjaland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 12. júlí og 3. ágúst 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Ungverjalands um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 24. ágúst 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar.

Hinn 1. ágúst 1990 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar sem gerður var í Reykjavík 2. mars 1990. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. ágúst 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, sem lið í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar, hér eftir nefnt félagið, er stofnað í þeim tilgangi að stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, með því að fjármagna framkvæmdir fyrirtækja þar.

2. gr.

Félagið er sjálfstæður lögaðili.

3. gr.

Félagið skal rekið í samræmi við þær samþykktir sem fylgja samningi þessum. Samþykktunum má breyta með ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar.

4. gr.

Aðilarnir leggja félaginu til stofnfé. Kveðið er á um upphæð stofnfjár, skiptingu þess, greiðslu og hækkun á stofnfjárframlagi í 2. gr. samþykktta félagsins.

5. gr.

Starfsstöð félagsins skal vera á aðalskrifstofu Norræna fjárfestingarbankans.

6. gr.

Félagið skal undanþegið greiðslu- og gjaldeyrishömlum og ráðstöfunum á lánsfjármarkaði sem komið gætu í veg fyrir eða torvelað starfsemi þess.

Eignir og tekjur félagsins skulu undanþegnar skattlagningu.

Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal félagið undanþegið stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

7. gr.

Norræna ráðherranefndin skal eigi síðar en 1. janúar 1996 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi félagsins.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður að slíta félaginu skal það gert í samræmi við ákvæði í 10. gr. samþykktta félagsins.

8. gr.

Samningurinn og samþykktirnar, sbr. 3. gr, öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag sem allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samningurinn tekur gildi.

9. gr.

Eftir 1. janúar 1996 getur hver aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til finnska utanríkisráðuneytisins sem skýrir öðrum aðilum og stjórn félagsins frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögnin gildir aðeins gagnvart þeim aðila sem hana hefur sent og tekur gildi við lok þess reikningsárs sem uppsögnin var send á, að því tilskildu að hún hafi átt sér stað í síðasta lagi fyrir lok júnímánaðar, en annars tekur hún gildi við lok næsta reikningsárs.

Taki Norræna ráðherranefndin ekki ákvörðun um að slíta félaginu, eftir að aðili hefur sent uppsögn, skal hún ákveða, áður en uppsögnin tekur gildi, hvernig staðið skuli að uppgjöri félagsins gagnvart þeim sem gengur úr því. Við uppgjörið skal ganga tryggilega frá því að sá, sem gengur úr félaginu, beri ásamt hinum aðilunum ábyrgð á skuldbindingum sem á því hvíla við úrgöngu hans.

10. gr.

Frumriti samningsins skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit hans til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 2. mars 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

SAMÞYKKTIR**fyrir Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi 2. mars 1990 ákveðið að stofna Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

Um félagið gilda eftirfarandi samþykktir:

Markmið

1. gr.

Markmið Norræna fjármögnunarfélagsins á sviði umhverfisverndar, hér eftir nefnt félagið, er að stuðla að auknum fjárfestingum, sem samrýmast norrænum umhverfisverndarhagsmunum í Austur-Evrópu, með því að fjármagna framkvæmdir fyrirtækja þar.

Heiti félagsins á ensku er Nordic Environment Finance Corporation (NEFCO).

Stofnfé félagsins

2. gr.

Stofnfé félagsins er 36 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR), og skiptist það sem hér segir: Hluti danska ríkisins er 7,8 milljónir SDR, finnska ríkisins 7,4 milljónir SDR, íslenska ríkisins 0,4 milljónir SDR, norska ríkisins 7,0 milljónir SDR og sænska ríkisins 13,4 milljónir SDR.

SDR skulu skilgreind í samræmi við þær reglur um samsetningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá og með 1. janúar 1981. Verði breyting á þeim reglum fylgir félagið þeirri ákvörðun sem stjórn Norræna fjárfestingarbankans tekur um aðlögun bankans að hinum nýju reglum.

Félagið fær stofnféð til ráðstöfunar vaxtalaust.

Stofnféð greiðist félaginu í hlutagreiðslum eftir tilmælum stjórnar félagsins. Fyrsta greiðslan greiðist eigi síðar en 1. október 1990.

Greiðslur fara fram í gjaldeyri viðkomandi lands eða öðrum skiptanlegum gjaldeyri á því gengi sem gildir fyrir SDR á greiðsludegi.

Norræna ráðherranefndin tekur ákvörðun um aukningu stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar félagsins. Skipting stofnfjárukningar á milli landanna fer eftir þeirri reiknireglu sem á hverjum tíma gildir um skiptingu samnorrænnar fjármögnunar.

Starfsemi

3. gr.

Félagið fjármagnar framkvæmdir fyrirtækja í Austur-Evrópu sem í tengslum við norræn fyrirtæki, með sameign, yfirfærslu tækniþekkingar eða með annars konar samvinnu, vinna að verkefnum er beinast að gerð mengunarvarnabúnaðar eða að annarri hagnýtingu sem byggist á umhverfisverndar-tækni við framleiðslu eða veita þjónustu á sviði umhverfisverndar.

Félagið getur í þessu skyni gerst hluthafi eða meðeigandi í slíku fyrirtæki, ásamt því að veita slíku fyrirtæki lán og ábyrgðir á viðskiptagrundvelli. Heimilt er að veita lán með sérstökum kjörum, þ.e. lán sem endurgreiðist og ber vexti í samræmi við þær tekjur sem af framkvæmdinni verða.

Skilyrði er að verkefni séu tæknilega framkvæmanleg og arðbær. Forgangur skal veittur verkefnum sem miklu máli skipta fyrir umhverfisvernd á Norðurlöndum.

Félagið getur og gert aðrar þær ráðstafanir sem tengjast starfsemi þess.

4. gr.

Ráðstöfunarfé félagsins ber að ávaxta tryggilega og vaxtatekjur af því ásamt hagnaði af starfseminni skal nota til rekstrar félagsins. Ef stjórn félagsins ákveður er félaginu heimilt að greiða aðildarríkjunum arð.

5. gr.

Bókhald félagsins skal færa í SDR. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársskýrslu félagsins og ársreikning skal senda Norrænu ráðherranefndinni.

Stjórn

6. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og skipar hvert ríki einn stjórnarmann til allt að sex ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann til eins árs í senn. Fulltrúar ríkjanna skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórninni.

Stjórnin er ályktunarfarf þegar formaður eða varaformaður og þrír stjórnarmenn eða atkvæðisbærir varamenn hið minnsta eru viðstaddir. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði en varamaður fer því aðeins með atkvæði að aðalmaður sé fjarverandi. Til ákvörðunar þarf atkvæði meirihluta þeirra sem eru á fundi. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin kemur saman eftir ákvörðun formanns eða eftir tilmælum minnst tveggja stjórnarmanna eða Norræna fjárfestingarbankans.

Stjórnin setur sér sjálf starfsreglur.

Norræni fjárfestingarbankinn og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar taka þátt í stjórnarfundum án atkvæðisréttar.

7. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum, sem varða félagið, en hún getur framselt ákvörðunarvald sitt að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir til Norræna fjárfestingarbankans, sem sér um daglegan rekstur félagsins í samræmi við reglur sem félagið og bankinn gera samkomulag um.

8. gr.

Firma félagsins rita tveir eftirtalinna manna: Stjórnarmenn, varamenn þeirra eða þeir sem stjórnin hefur veitt umboð til þess.

Önnur ákvæði

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir þess. Nefndin ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og skilar árlega endurskoðunarskýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Eftirlitsnefnd er hin sama og Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að hafa eftirlit með starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum félagsins eða viðbót við þær. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1. janúar 1996 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi félagsins.

Ákveði Norræna ráðherranefndin að slíta félaginu útnefnir hún menn til að sjá um slitin.

Slit félagsins með endurgreiðslu eða annarri ráðstöfun eigna félagsins getur ekki orðið fyrir en félagið er laust við skuldbindingar.

Nr. 27

26. ágúst 1990

AUGLÝSING

**um gildistöku samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum
prófana og staðfestingum á samræmi.**

Samningur frá 15. júní 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi og bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein öðlast gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990 þar sem samningurinn og bókunin eru birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. ágúst 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 28

3. október 1990

AUGLÝSING

um samning við Cabo Verde um þróunarsamvinnu.

Í dag var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Cabo Verde um þróunarsamvinnu. Samningurinn öðlast gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. október 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Cabo Verde um
þróunarsamvinnu

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Cabo Verde hafa orðið ásáttar um þróunarsamvinnu á Cabo Verde til að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á grundvelli samnings ríkjanna frá 27. nóvember 1981, sem framlengdur var með orðsendingaskiptum til 31. desember 1990.

Ráðuneyti skipulags- og samstarfsmála annast framkvæmd samningsins fyrir ríkisstjórn Grænhöfðaeyja og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ICEIDA) fyrir ríkisstjórn Íslands.

Skilmálar samningsins eru eftirfarandi:

1. gr.
Markmið

1. Meginmarkmið framkvæmda samkvæmt samningi þessum skulu vera að leiða til fulls í ljós hverjir fiskveiðimöguleikar eru við strendur Cabo Verde, einnig innan landhelgi, og stuðla að sem árangursríkastri og hagkvæmasti nýtingu þeirra möguleika í þágu íbúa Cabo Verde. Ákvarðanir um samvinnu á öðrum sviðum en sjávarútvegi samkvæmt samningi þessum verða teknar á grundvelli tillagna um einstök verkefni.

2. Til að ná þessum markmiðum skulu aðilar árlega koma sér saman um framkvæmdáætlun þar sem kveðið er nánar á um markmið og leiðir, svo og um framlög til áætlunarinnar um þróunarsamvinnu.

2. gr.
Framlög

1. Framlög ríkisstjórnar Íslands.

a. Ríkisstjórn Íslands skal leggja til íslenska ráðgjafa eins og kveðið er á um í árlegum framkvæmdáætlunum.

b. Ríkisstjórn Íslands skal leggja til fé og annað svo sem kveðið er á um í árlegum framkvæmdáætlunum.

2. Framlög ríkisstjórnar Cabo Verde.

AGREEMENT
between Iceland and Cape Verde on
Development Co-operation

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Cape Verde have agreed on development co-operation in Cape Verde, to continue the work carried out under the Agreement between the two countries of 27 November 1981 prolonged by diplomatic Notes until 31 December 1990.

This Agreement shall be implemented on behalf of the Government of Cape Verde by the Ministry of Planning and Co-operation and on behalf of the Government of Iceland by the Icelandic International Development Agency (ICEIDA).

The terms of the Agreement are as follows:

Article I
Objectives

1. The main objectives of the activities under this Agreement shall be to determine the fisheries possibilities off the coast of Cape Verde, including within the territorial sea, and to make possible the most effective and rational exploitation of such possibilities in the interests of the Cape Verde population. Under the Agreement development co-operation in social, economic or industrial sectors other than fisheries will be decided upon by the Parties according to individual Project proposals.

2. To meet these objectives the Parties shall each year agree on a Plan of Operation stipulating the detailed objectives, means and resources of the programme of development co-operation.

Article II
Contributions

1. Contributions by the Government of Iceland.

(a) The Government of Iceland shall provide Icelandic advisers as set forth in the annual Plans of Operation.

(b) The Government of Iceland shall make such financial and other contributions as are stipulated in the annual Plans of Operation.

2. Contributions by the Government of Cape Verde.

a. Ríkisstjórn Cabo Verde skal tryggja virkt samstarf hlutaðeigandi stjórnvalda Cabo Verde og íslenskra ráðgjafa og hjálpa til að ráða hæfa Cabo Verde-menn svo sem kveðið er á um í hinum árlegu framkvæmdaáætlunum.

b. Ríkisstjórn Cabo Verde greiðir allan kostnað og öll útgjöld vegna framkvæmdar, stjórnunar og annars þess háttar sem ríkisstjórn Íslands leggur ekki fram skv. 1. tl. þessarar greinar.

c. Ríkisstjórn Cabo Verde lætur í té aðstöðu sem hér segir:

- i) ókeypis húsnæði með innréttingum fyrir íslensku ráðgjafana og fjölskyldur þeirra, að jafnaði innan tveggja vikna og í seinasta lagi innan fjögurra vikna frá komu þeirra.
- ii) nauðsynlega skrifstofuadstöðu og útbúnað á skrifstofu og ókeypis póst og fjarskipti vegna starfsins.
- iii) aðra aðstöðu sem talin er nauðsynleg til þess að íslensku ráðgjafarnir geti náð árangri með störfum sínum.

3. gr.

Undanþágur og sérréttindi

1. Allar birgdir, efni og útbúnaður sem flutt er til Cabo Verde til þess að framfylgja samningi þessum skulu undanþegin innflutningshömlum, sköttum, tollum og öðrum opinberum gjöldum. Allan útbúnað sem keyptur er í landinu til að framfylgja samningi þessum má kaupa úr tollvörugeymslu. Undanþágur skulu vera í samræmi við lög Cabo Verde nr. 39/88, 28. maí 1988.

2. Ríkisstjórn Cabo Verde ábyrgist að allt fjármagn sem ríkisstjórn Íslands flytur til Cabo Verde vegna framkvæmdar samnings þessa megi án hindrunar eða tafar breyta í skiptanlegan gjaldmiðil.

3. Ríkisstjórn Cabo Verde tekst á hendur að veita íslensku ráðgjöfunum eftirfarandi undanþágur og sérréttindi:

a. undanþágu frá tekjuskatti, sjúkratryggingargjaldi og öllum öðrum persónusköttum á tekjur sem þeir fá frá ríkisstjórn Íslands.

b. aðstöðu til þess að eiga bankareikning erlendis.

c. niðurfellingu tolla, söluskatts og annarra opinberra gjalda af nýjum og notuðum persónulegum munum og búslóð sem íslensku ráðgjafarnir flytja til Cabo Verde eða fá í Cabo Verde áður en tollafgreiðsla fer fram innan sex mánaða frá því þeir komu fyrst til Cabo Verde eða ef um endur-

(a) The Government of Cape Verde shall ensure effective co-operation between relevant Cape Verde authorities and the Icelandic advisers and shall help recruit Cape Verde personnel as stipulated in the annual Plans of Operation.

(b) The Government of Cape Verde shall cover all operational, administrative and related costs and expenditures not contributed by the Government of Iceland in accordance with paragraph 1 of this Article.

(c) The Government of Cape Verde shall make available the following facilities:

- (i) Free housing with hard furnishing for Icelandic advisers and their families, normally within two weeks and in no circumstances later than four weeks after their arrival,
- (ii) Necessary office facilities and equipment and free postage and telecommunications for official purposes,
- (iii) Such other facilities as are deemed essential for the effective performance of the Icelandic advisers' official duties.

Article III

Exemptions and Privileges

1. Any supplies, materials or equipment imported into Cape Verde for the purpose of implementing this Agreement shall be exempted from import restrictions, taxes, customs duties and other fiscal charges. Any equipment to be purchased locally for the implementation of this Agreement may be bought from bonded stocks. Exemptions shall be in accordance with Cape Verde law No. 39/88, of 28 May 1988.

2. The Government of Cape Verde guarantees that any funds brought into Cape Verde by the Government of Iceland in connection with the implementation of this Agreement shall be freely and immediately transferable into convertible currencies.

3. The Government of Cape Verde undertakes to extend to the Icelandic advisers the following exemptions and privileges:

- (a) Exemption from income tax, hospital contribution and all other personal taxes on emoluments received from the Government of Iceland,
- (b) External account facilities,

(c) Admission free of customs duty, sales and other fiscal charges on new and used personal and household effects which are brought into Cape Verde or acquired in Cape Verde prior to clearance through customs by the Icelandic advisers within six months of their first arrival in Cape

ráðningu er að ræða innan sex mánaða frá því þeir komu fyrst til Cabo Verde eftir endurráðningu. Undanþága þessi skal háð því skilyrði að munir þeir sem um ræðir skuli fluttir út frá Cabo Verde aftur að loknu starfi íslensku ráðgjafanna eða seldir eða þeim ráðstafað á annan hátt í Cabo Verde til aðila sem nýtur svipaðrar undanþágu.

4. Ríkisstjórn Cabo Verde mun ennfremur:

a. veita ókeypis og tafarlaust komu- og brottfarararítanir sem stjórnvöld í Cabo Verde krefjast af íslensku ráðgjöfunum og fjölskyldum þeirra.

b. afhenda erindisbréf sem tryggir íslensku ráðgjöfunum aðstoð og samvinnu ríkisstjórnar Cabo Verde til þess að inna af höndum þau störf sem þeim hafa verið falin.

c. sjá íslensku ráðgjöfunum og fjölskyldum þeirra fyrir þeirri lækni- og sjúkraaáðstöðu sem fyrir hendi er fyrir ríkisstarfsmenn í Cabo Verde sem hafa svipaða stöðu og kjör gegn greiðslu lágmarksgjalda eða á niðurgreiddu verði.

d. aðstoða við heimflutning íslensku ráðgjafanna og fjölskyldna þeirra sé um að ræða alþjóðlegt neyðarástand.

e. tilkynna íslenska sendiráðinu þegar í stað um handtöku eða varðhald eða sakadómsrannsókn á hendur íslenskum ráðgjafa eða einhverjum úr fjölskyldu íslensks ráðgjafa.

f. taka á sig alla áhættu af eða kröfur sem spottnar eru af eða eru á annan hátt tengdar einhverri framkvæmd sem samningur þessi nær til. Án þess að þrengja svið framanritaðrar setningar mun ríkisstjórn Cabo Verde bæta og halda ríkisstjórn Íslands og íslensku ráðgjöfunum skadlausum fyrir hvers konar skuldum, málshöfðunum, aðgerðum, skadabótum, kröfum, kostnaði eða þóknun vegna dauða, líkams- eða eignatjóns eða hvers annars tjóns sem spottid er af eða tengt er einhverri athöfn eða athafnaleysi sem verður við framkvæmdir sem samningur þessi nær til; þó getur Cabo Verde gert íslensku ráðgjafana ábyrga fyrir skadabótum til ríkisstjórnar Cabo Verde þegar kröfur eru spottnar af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi þeirra.

g. tryggja að íslensku ráðgjafarnir njóti meðferðar sem eigi sé óhagstæðari en sú sem veitt er borgurum sérhvers annars ríkis sem starfa samkvæmt samningi um þróunarsamvinnu milli þess ríkis og ríkisstjórnar Cabo Verde. Sérstaklega skulu íslensku ráðgjafarnir ekki þurfa að sæta

Verde or in case of reappointment their first arrival in Cape Verde following reappointment. This exemption shall be conditional upon the articles in question being re-exported from Cape Verde on termination of the assignment of the Icelandic advisers or being sold or otherwise disposed of in Cape Verde to a person who is entitled to a similar exemption.

4. The Government of Cape Verde will further:

(a) Grant, free of charge and without delay, entry and exit visas required by the Authorities of Cape Verde for the Icelandic advisers and their families,

(b) Provide a certificate of mission which will assure the Icelandic advisers the assistance and co-operation of the Government of Cape Verde in carrying out the tasks for which they are appointed,

(c) Provide the Icelandic advisers and their families such medical and hospital facilities as are available to Cape Verde national civil servants of similiar and equivalent rank and status against the payment of nominal or sub-economical charges,

(d) Assist in the repatriation of the Icelandic advisers and their families in time of international crises,

(e) Immediately notify the Icelandic Embassy in the event of arrest or detention or criminal proceedings being instituted against an Icelandic adviser or a member of the family of an Icelandic adviser,

(f) Bear all risks or claims resulting from or occurring in the course of, or otherwise connected with, any operation covered by this Agreement. Without restricting the generality of the preceding sentence, the Government of Cape Verde will indemnify and hold harmless the Government of Iceland and the Icelandic advisers against any and all liability, suits, actions, damages, demands, costs or fees on account of death, injuries to person or property or any other losses resulting from or connected with any act or omission performed in the course of operations covered by this Agreement, on the understanding, however, that Cape Verde in cases where claims arise as a result of gross negligence or wilful intention on the part of an Icelandic adviser may hold him liable to indemnify the Government of Cape Verde,

(g) Ensure that the Icelandic advisers are accorded a treatment no less favourable than that granted to the citizens of any other state working under a development co-operation agreement entered into by that state with the Government of Cape Verde. Specifically, Icelandic advisers shall

lögsókn vegna athafna, þar með taldar munnlegar yfirlýsingar, sem varða framkvæmd á skyldum þeirra.

not be subject to legal prosecution in respect of any action taken including verbal statement made in connection with the performance of their duties.

4. gr.

Gildistími og breyting

1. Samningur þessi öðlast gildi við undirskrift og gildir til 31. desember 1995.

2. Hvor aðili um sig má segja samningi þessum upp með því að tilkynna það hinum aðilanum skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 3. október 1990 í tvíriti á ensku.

F.h. ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands:
Sveinn Björnsson

F.h. ríkisstjórnar lýðveldisins Cabo Verde:
Luis Fonseca

Article IV

Duration and Amendment

1. This Agreement shall enter into force upon signature and remain in force until 31 December 1995.

2. This Agreement may be denounced by either Party upon giving three months' written notice to the other Party.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Done at Reykjavík on 3 October 1990 in duplicate in the English language.

For the Government of the Republic of Iceland:
Sveinn Björnsson

For the Government of the Republic
of Cape Verde:
Luis Fonseca

AUGLÝSING

**um gildistöku samnings um stofnun Norræns fjármögnunarfélags
á sviði umhverfisverndar.**

Samningur frá 2. mars 1990 um stofnun Norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar öðlast gildi 27. október 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 26/1990 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. október 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli EFTA-rikkjanna og Efnahagsbandalags Evrópu um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða.

Samningur frá 19. desember 1989 milli lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands, lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs, konungsríkisins Svíþjóðar og sambandsríkisins Sviss, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða öðlast gildi 1. nóvember 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1990 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. október 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

8. nóvember 1990

Nr. 31

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Hinn 2. nóvember 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar sem gert var í Reykjavík 28. febrúar 1990. Breytingin öðlast gildi 2. desember 1990. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, sbr. auglýsingar nr. 11/1983, 13/1989 og 4/1990.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Jafnframt er birt sem fylgiskjal 2 samkomulag um breytingu á samningnum sem gert var í Skagen 27. ágúst 1987 og Ísland gerðist aðili að 18. september 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1989.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG

um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

12. grein í samningnum frá 25. ágúst 1981 skal hljóða svo:

„Rétt til að öðlast viðurkenningu sem sjóntækjafraeðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð öðlast þeir sem hafa lokið fimm ára undirstöðunámi í sjóntækjafraeði við sérskóla í Danmörku eða, í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfandi sjóntækjafraeðing við gildistöku samningsins, lokið verknámi í greininni.“

2. gr.

Við bætist ný grein, 22. gr. a), svohljóðandi:

„Nú hefur sjóntækjafraeðingur fengið leyfi til að starfa sem augnlinsufraeðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og skal hann þá eiga rétt á samsvarandi viðurkenningu í hinum ríkjunum.

Sjóntækjafraeðingur í Danmörku, sem hefur lokið 1. og 2. stigi í augnlinsunámi því sem viðurkennt er af atvinnumálaráðuneytinu, skal einnig eiga rétt á viðurkenningu sem augnlinsufraeðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Réttur til að fá leyfi sem augnlinsufraeðingur í öðru samningsríki skv. 1. og 2. mgr. er háður því að sjóntækjafraeðingurinn hafi fengið þar leyfi sem sjóntækjafraeðingur og hafi það enn.“

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku þess.

Vörsluadili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga.

Samkomulag þetta skal gilda svo lengi sem samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

4. gr.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Reykjavík 28. febrúar 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal 2.**SAMKOMULAG**

um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

14. gr. í samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar skal hljóða svo:

„Sá á rétt til að fá viðurkenningu sem röntgenskötare í Finnlandi og radiograf í Noregi

a) sem hefur fengið leyfi í Danmörku sem radiograf í samræmi við reglur yfirtjórnar heilbrigðismála, og

AFTALE

om ændring af overenskomsten mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet

Danmarks, Finlands, Norges og Sveriges regeringer, som ønsker at ændre overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet, har aftalt følgende:

Artikel 1

Artikel 14 i overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet skal have følgende ændrede ordlyd:

“Ret til at få godkendelse som röntgenskötare i Finland og radiograf i Norge har

a) den, der i Danmark har fået bevis som radiograf i overensstemmelse med sundhedsstyrelsens retningslinier, og

b) sem hefur lokið í Svíþjóð menntun sem röntgenassistent sem stendur í 2½ ár og viðurkennd er af háskólaráði ásamt yfirstjórn háskólamála eða samsvarandi eldri tveggja ára menntun eða menntun á heilbrigðisbraut í röntgengreiningu (90 punktar).“

2. gr.

Frumriti þessa samkomulags skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku þess.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga.

Samkomulag þetta skal gilda svo lengi sem samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

PESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

GJÖRT í Skagen 27. ágúst 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

b) den, der i Sverige har gennemgået en af universitets- og højskoleåmbetet samt skolöverstyrelsen godkendt uddannelse af 2½ års varighed til röntgenassistent eller tilsvarende ældre 2-årig uddannelse eller hälso- och sjukvårdslinjens uddannelse i diagnostisk radiologi (90 point).”

Artikel 2

Originaleksemplaret af denne aftale skal deponeres i det svenske udenrigsministerium, som skal oversende bekræftede genparter til de øvrige kontraherende stater.

Artikel 3

Denne aftale træder i kraft, 30 dage efter at samtlige kontraherende stater har meddelt til det svenske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for aftalens ikrafttræden er gennemført.

Depositaren underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af disse meddelelser.

Denne aftale er gældende så længe overenskomsten af 25. august 1981 er i kraft.

SOM BEKRÆFTELSE HERPÅ har undertegnede tilbørligt befuldmægtigede repræsentant undertegnet denne ændringsaftale.

UTFÆRDIGET I Skagen den 27. august 1987 i ét eksemplar på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild Ungverjalands að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Ungverjaland skyldi öðlast rétt á sjö þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 6. nóvember 1990.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Finland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Portúgal	7
San Marino	2
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
Finland	5
France	18
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Portugal	7
San Marino	2
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18“

Nr. 33

28. nóvember 1990

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Með orðsendingaskiptum á tímabilinu 17. apríl til 9. júlí 1990 var gerð breyting á samningi milli Norðurlanda frá 12. september 1989 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir til þess að láta samninginn ná til Álandseyja að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1989 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlast gildi á sama tíma og samningurinn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

